

Brjef stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um slysfaraskýrslur.

107

Biskupinn yfir Íslandi hefir í brjefi, dags. 15. maí þ. á., vakið eftirtekt á því, að skýrslur presta um mannlát af slysförum muni oft og tíðum vera talsvert skakkar, og skekkjan alt af í þá átt, að slysfaratalið sje of lágt. Til þess að bæta úr þessum misfellum er hjermeð skorað á yður, herra lögreglustjóri, að leggja fyrir eigendur og útgerðarmenn skipa, hvort heldur opinna báta eða stærri skipa, í umdæmi yðar, að tilkynna tafarlaust sóknarpresti sínum nöfn og heimilisfang þeirra manna, er á skipum þeirra farast. Komi skip, er lagt hefir út til fiskiveiða eða sjóferðar, ekki fram, svo að telja verður vist að það hafi farist með skipshöfn, ber útgerðarmanni að senda sóknarpresti sínum umrædda tilkynningu, þá er álita verður vist að skipið hafi farist.

9. okt.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um flutning þingstaðar.

108

14. okt.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, og beiðni hreppsnefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi, veitir stjórnarráðið samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Teigi að rjómaskálanum við Grjótá, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið.

Samþykkt

109

15. ágúst.

um kynbætur nautgripa í Rangárvallasýslu.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. október 1905, um kynbætur nautgripa, gert eftirfylgjandi

samþykkt

um kynbætur nautgripa í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Í Rangárvallasýslu skulu allir skyldir að geyma öll graðneyti 5 mánaða og eldri, annaðhvort í gripaheldri girðingu, öruggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf, eða á annan þann hátt, sem stjórnir nautgripaæktunarfelaga, eða þar sem ekk-

109 ert slikt fjelag er, hlutadeigandi hreppsnefnd telur tryggan. Það skal vera jafn 15. ágúst. Óheimilt að láta graðneyti ganga laus í eigin landi sem annara, nema í girðingu sjeu.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framangreindu og graðneyti finst í annars manns landi, er þá ábúanda heimilt að aftra því, að það gjöri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða því um líkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.

3. gr.

Nú hefir graðneyti sloppið úr geymslu og gert skaða á kúm, áður en það var hindrað samkvæmt 2. gr., og er eigandi þá skyldur að bæta þann skaða að fullu.

Ákvæði þetta gildir um öll graðneyti, sem hittast óhindruð á samþyktarsvæðinu, eins þótt eigandi þess sje búsettur utan samþyktarsvæðisins.

4. gr.

Kostnað og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. skal greiða eftir mati tveggja óvilballra manna, og útnefna málsaðilar sinn hvorn.

Komi matsmenn sjer ekki saman um kostnað og skaðabætur, kjósa þeir sjer oddamann. Geti málsaðilar eigi komið sjer saman um útnefning matsmanna, útnefnir sýslumaður mennina, ef annarhvor aðila, eða báðir, fara þess á leit. Komi matsmenn sjer ekki saman um oddamann, er hlutadeigandi hreppstjóri þess hrepps, þar sem tjónið verður, sjálfkjörinn oddamaður sje hann ekki við málið riðinn, ella sje hann útnefndur af sýslumanni. Mat matsmanna er bindandi og skal birt hlutadeiganda tafarlaust. Kostnaður og skaðabætur falla í gjalddaga þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutadeiganda.

5. gr.

Í þeim hreppum, þar sem kynbótafjelög nautgripa eru þegar stofnuð, eða síðar verður komið á fót, má eigi nota önnur naut til undaneldis á fjelagssvæðinu en þau, er fjelagsstjórnin hefir valið, enda sjeu þau geymd á hentugum stöðum; og skal þá fjelagsstjórnin hafa vald til að ákveða bolatoll.

6. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis, skulu vera hraust og þroskamikil og af því besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan. Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis (kynbótagripir), skal vanda sem allra best. Leita skulu fjelagsstjórnir álits eftirlitsmanns kynbótafjelagsins um val undaneldisnauta.

8. gr.

Hreppsnefndirnar á samþyktaarsvæðinu hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fyrirmælum samþykta þessarar sje hlýtt. Þó geta hreppsnefndir falið eftirlitið stjórnnum nautgripaæktunarfélaga þeirra, er til eru á í því svæði, er hvert einstakt fjelag nær yfir, ef þær vilja takast það á hendur. Kostnaður sá, sem af eftirlitinu leiðir, og ekki má fara fram úr 5 aurum fyrir hverja kú, greiðist úr hlutaðeigandi hreppssjóðum.

8. gr.

Brot gegn 1. og 5. gr. varðar sektum frá 5—50 krónum, er renna í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

9. gr.

Með brot gegn samþykta þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykta þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. nóvember 1912 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 15. ágúst 1912.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

110

16. ágúst.

um breyting á 38. gr. heilbrigðissamþykta Reykjavíkuraupstaðar 30. jan. 1905 og auglýsingu um breytingu á nefndri grein heilbrigðissamþykta rinnar frá 11. ágúst 1909.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr 1905, um heilbrigðissamþykta fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hjermeð staðfest sú breyting á 38. gr. heilbrigðissamþykta fyrir Reykjavík 30. jan. 1905, og auglýsingu um breytingu á nefndri gr. heilbrigðissamþykta rinnar frá 11. ágúst 1909, að greinin orðist þannig:

Þeim mönnum, er slátruðu til sölu eða seldu kjöt eða gerðu matvæli af kjöti til sölu á þeim tíma, er heilbrigðissamþykta bæjarins 30. jan. 1905 öðlaðist